

Góðan dag

Takk fyrir að vekja athygli okkar á þessari þingsályktun. Það er margt mjög gott í þessari tillögu og það væri fagnandi ef næði fram að ganga.

Við horfum sérstaklega til kafla VI. sem listar upp 9 atriði um það hvernig við getum verndað börn og eftir eftirlit. Í greinargerðinni er hvatt til þess að setja frekara fjármagn í að greina börn til þess að stytta biðlista. Það er göfugt markmið en við myndum vilja leggja til að það væru settir peningar í að fara að vinna með börnum í vandanum þeirra. Oft á tíðum er vandinn svo augljós að heppilegra væri hreinlega að hefja snemmtæka íhlutun í málinu.

Þetta er raunveruleiki okkar fósturforeldra þar sem við leitum stöðugt í reynsluskjóður hvers annars til þess að hefja snemmtæka íhlutun í vandamálu fósturbarna okkar. Staðreynd okkar samfélags er sú að það eru ákveðin vatnaskil innan hópsins. Nýir fósturforeldrar bætast við sem við náum ekki að tengjast og þau vandamál sem við tökumst á við eru gjarnan þess eðlis að þau eru djúpstæðari og við einungumst í okkar eigin vandamálum. Tilfinningin er svolítið að þetta sjálfbæra kraftmikla samfélag sem leitaði lausna sjálft og létti á kerfinu, er farið að taka upp hegðun kerfisins. Við erum því oft orðin sjálf komin í biðrina með börnin okkar, til þess að fá greiningu eða staðfestingu á vandanum til þess að komast í næstu röð.

Við viljum biðla til ykkar um að hugsa til okkar. Við þurfum aðstoð og hún þarf núna að vera fjárhagsleg. Við þurfum að geta ráðið okkur starfsmann til þess að létta á forystunni okkar sem vinnur mikið starf launalaust fyrir þessi fósturbörn sem voru ólánsöm að fæðast inn í aðstæður sem samfélagið telur ekki ásættanlegt fyrir börn.

Við myndum vilja sjá að hér væri bara búinn til nýr kafli. Kafli um fósturbörn, fósturforeldra, systkini fósturbarna og fósturheimilin sem eina heild. Við myndum vilja sjá að þið settuð það á oddin með þessu öllu. Í þessum kafla gætum við til dæmis séð fyrir okkur að Félag fósturforeldra komist á fjárlög til þess að ráða sér faglegan starfsmann. Þessi starfsmaður væri verðmæti fyrir kerfið í heild sinni. Í sama kafla væri hægt að stefna að því að fósturbörn gætu átt raunverulegan möguleika að verða ættleitt af fósturforeldrum sínum en slík staða veldur streitu hjá mörgum fósturbörnum. Hér erum við ekki að segja að öll fósturbörn skuli ættleidd en það þarf að ræða undir hvaða tilvikum slíkt væri gert. Í sama kafla gætum við séð fyrir okkur að verklag yrði samræmt milli barnaverndarnefnda og sveitarfélaga gagnvart fósturforeldrum. Í sama kafla væri loks hægt að hreyfa við málum í fósturkerfinu sem hafa staðið frosin of lengi.

Hvort sem að það gerist sem viðbót í þessari tillögu eða þið hugsið til okkar í fjárlagagerð, þá fögnum við öllu sem vinnur að auknum réttindum barna og styrkir ekki bara stöðu þeirra, heldur heilsu, sjálfsmynd og öryggi. Við sinnum því á hverjum degi út um allt land og þangað til nýverið höfum við unnið það án þess að fá athygli fyrir það. En núna þurfum við hjálp.

Fyrir hönd félagsins,  
Guðlaugur Kristmundsson, formaður Félags fósturforeldra